

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn á deilu verkalýðsfélaga og sláturleyfishafa á Suðurlandi.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að verkfall verkalýðsfélaganna á Suðurlandi, Þórs á Selfossi, Rangæings á Hellu, Víkverja í Vík í Mýrdal og Samherja á Kirkjubæjarklaustri, hafi staðið yfir frá 17. sept. s. l. að því er varðar vinnu við sauðfjárslátrun.

Ítrekaðar sáttatilaunir hafa ekki borið árangur og ekki eru taldar horfur á lausn deilunnar í bráð.

Verkfallið hefur þegar valdið töf á því, að sauðfjárslátrun gæti hafist á Suðurlandi. Verði framhald á verkfallinu, er fyrirsjáanlegt stórfellt tjón sauðfjárþænda á þessu svæði. Ríkisstjórnin telur því, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á sauðfjárslátrun.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Hæstiréttur tilnefni 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör starfsmanna við sauðfjárslátrun á Suðurlandi.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

#### 2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa og starfskjara hafa hliðsjón af launum og starfskjörum starfsmanna við sambærileg störf.

#### 3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls verkalýðsfélaganna Þórs, Rangæings, Víkverja og Samherja, sem hófst 17. sept. s. l.

#### 4. gr.

Ákvæði gerðardómsins um laun og kjör koma til framkvæmda frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. september 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Helgason.